

FOSSAR FJÁRFESTINGARBANKI HF.

REGLUR UM RÁÐSTAFANIR GEGN HAGSMUNAÁREKSTRUM

1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra laga, sbr. einkum ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 og reglugerðar nr. 976/2021 um verndun fjármálagerninga og fjármuna viðskiptavina, skyldur við vörupróun og um veitingu og móttöku þóknana, umboðslauna eða hvers konar ávinnings. Þá byggja reglurnar á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar („EBA“) um innri stjórnarhætti, eins og þær eru hverju sinni. Reglurnar teljast vera stefna Fossa fjárfestingarbanka hf. („bankinn“ eða „Fossar“) um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum í skilningi 34. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565 og umræddra viðmiðunarreglna.
- 1.2. Reglur þessar eiga við um fjárfestingarþjónustu og -starfsemi Fossa og, ef við á, viðbótarþjónustu sem Fossar veita viðskiptavinum sínum. Reglurnar lýsa aðferðum Fossa við greiningu hagsmunaárekstra í starfsemi félagsins og koma í veg fyrir og takast á við hagsmunaárekstra. Þeim er einnig ætlað að koma í veg fyrir að draga megi hlutlægni starfsmanna Fossa í efa við meðferð og afgreiðslu þeirra á einstökum málum.
- 1.3. Reglurnar taka til núverandi viðskiptamanna Fossa, aðila sem Fossar leitast eftir að koma á viðskiptasambandi við og fyrrverandi viðskiptavina þar sem trúnaðarskyldur eða aðrar skyldur ríkja enn milli þeirra og Fossa. Þá taka reglur þessar jafnframt til starfsmanna Fossa.
- 1.4. Reglur þessar skal skoða með hliðsjón af öðrum reglum félagsins sem varða hagsmunaárekstra, þ.e.:
 - a) Reglur um eigin viðskipti starfsmanna;
 - b) Reglur um hvatagreiðslur og umbun;
 - c) Reglur um atvinnupátttöku starfsmanna;
 - d) Reglur um viðskipti starfsmanna við Fossa;
 - e) Reglur um eigin viðskipti starfsmanna Fossa með fjármálagerninga;
 - f) Reglur um markaðsefni og fjárfestakynningar;
 - g) Reglur um aðskilnað starfseininga;
 - h) Reglur um hæfi stjórnar, forstjóra og lykilstarfsmanna; og
 - i) Starfsreglur stjórnar.

2. Skilgreiningar

- 2.1. Hagsmunaárekstur í skilningi reglnanna er þegar hagsmunir Fossa annars vegar, þ.m.t. starfsmanna hans, einkaumboðsmanna eða aðila sem eru tengdir því vegna yfirráða, og viðskiptamanns hins vegar eða þegar hagsmunir tveggja viðskiptavina fara ekki saman.
- 2.2. Hagsmunaárekstur skapast þegar Fossar veita viðskiptamanni sínum fjárfestingarþjónustu sem getur haft í för með sér ávinning fyrir Fossa eða aðra viðskiptavini hans og leiðir til þess, eða getur leitt til þess, að veruleg hætta skapast á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptamanna skaðist. Þar að auki getur til þess komið að hagsmunir starfsmanna Fossa og stjórnar, eða bankans sjálfs, fari ekki saman.
- 2.3. Hagsmunaárekstrar geta helst komið upp á milli:
 - a) Fossa og viðskiptavinar.
 - b) Viðskiptavina Fossa innbyrðis.
 - c) Starfsfólks Fossa og viðskiptavina.
 - d) Starfsfólks Fossa og Fossa.
- 2.4. Þegar vísað er til viðskiptavinar í reglum þessum er einnig átt við þá aðila sem félagið leitast eftir að koma á viðskiptasambandi við.
- 2.5. Við mat á hagsmunaárekstrum við starfsfólk Fossa skal ekki eingöngu litið til hagsmuna viðkomandi starfsmanns heldur sömuleiðis nánustu fjölskyldu starfsmanns og fyrri starfa eftir því sem við á.
- 2.6. Um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum í starfi stjórnar vísast til starfsreglna stjórnar.

3. Greining hagsmunaárekstra

- 3.1. Fossum ber að greina hagsmunaárekstra sem upp geta komið á milli félagsins sjálfs, þ.m.t. starfsmanna, einkaumboðsmanna eða aðila sem eru tengdir því vegna yfirráða og viðskiptavina. Auk þess ber Fossum að greina hagsmunaárekstra sem upp geta komið á milli viðskiptavina innbyrðis. Þá ber að greina hagsmunaárekstra sem upp geta komið á milli starfsfólks Fossa og félagsins sjálfs. Greinarmun skal gera á því hvort um tilfallandi eða viðarandi hagsmunaárekstur sé að ræða og beita viðeigandi úrræðum.
- 3.2. Við mat á því hvort hagsmunaárekstrar geti skapast við veitingu fjárfestinga- og/eða viðbótarþjónustu skal metið hvort Fossar, starfsmaður Fossa eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur Fossum í gegnum yfirráð:
 - a) sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ágóða eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað viðskiptavinarins;
 - b) hafi annarra hagsmuna að gæta en viðskiptavinur af niðurstöðu þjónustu sem viðskiptavininum er veitt eða viðskipta sem framkvæmd eru fyrir hönd viðskiptavinarins;
 - c) hafi fjárhagslegan hvata eða annars konar hvata til þess að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina framar hagsmunum hlutaðeigandi viðskiptavinar;
 - d) stundi sams konar rekstur og viðskiptavinurinn; eða

- e) taki við eða muni taka við hvatagreiðslu eða umbun í formi fjárhagslegs eða ófjárhagslegs ávinnings eða þjónustu frá aðila öðrum en viðskiptavininum í tengslum við veitingu þjónustu til viðskiptavinarins.
- 3.3. Fossar munu sérstaklega gæta að mögulegum hagsmunaárekstrum í eftirfarandi starfsemi sinni:
- a) verðbréfamiðlun,
 - b) eigin viðskiptum,
 - c) eignastýringu,
 - d) fjárfestingarráðgjöf,
 - e) fyrirtækjaraðgjöf, þar með talið sölu í útboðum, sölutryggingu og ráðgjöf í tengslum við samruna og yfirtökur félaga og
 - f) veitingu útlána.

4. Mögulegir hagsmunaárekstrar hjá Fossum

- 4.1. Í ljósi þjónustu Fossa má ætla að hagsmunaárekstrar geti skapast milli félagsins og viðskiptavina þess, m.a. með eftirfarandi hætti:
- a) Fossar eða starfsmanni félagsins er afhent gjöf eða einhverskonar umbun (m.a. ófjárhagsleg verðmæti) sem mögulega geta haft áhrif á hegðun viðkomandi þvert á hagsmuni viðskiptavina félagsins;
 - b) Fyrirtækjaraðgjöf Fossa kann að vera samningsbundin við tiltekið fyrirtæki, en verðbréfamiðlun Fossa samtímis að miðla hlutabréfum útgefnum af því;
 - c) Fossar kunna að vilja fjárfesta fyrir eigin reikning í fjármálagerningi sem viðskiptavinur vill einnig fjárfesta í;
 - d) Fossar kunna að koma að viðskiptum sem bæði lánveitandi og ráðgjafi viðskiptavinar;
 - e) Fossar kunna að mæla með fjármálagerningi fyrir viðskiptavin í fjárfestingarráðgjöf sem Fossar hafa þegar fjárfest í fyrir eigin reikning;
 - f) Fossar kunna að mæla með sjóðum í rekstri Glyms ehf., dótturfélags Fossa;
 - g) Eignastýring Fossa kann að kaupa í sjóðum í rekstri Glyms ehf., dótturfélags Fossa;
 - h) Starfssvið regluvörslu og yfirlögfræðings eru sameiginleg;
 - i) Útsendingar fjöldapósta til viðskiptavina með markaðsupplýsingum og kynningar á fjárfestingatækifærum, sem bæði geta varðað einstaka fjármálagerninga, geta valdið hagsmunaárekstrum.
- 4.2. Hagsmunaárekstrar geta skapast milli viðskiptavina félagsins innbyrðis, m.a. með eftirfarandi hætti:
- a) Tveir eða fleiri viðskiptavinir óska eftir að kaupa fjármálagerning sem takmarkað framboð er af;

- b) Fossar kunna að veita þjónustu, svo sem ráðgjafar- eða fjármögnunarþjónustu, til tveggja eða fleiri viðskiptavina sem eru í beinni samkeppni sín á milli;
 - c) Fossar kunna að veita fyrirtækjaráðgjöf til viðskiptavina sem eru í beinni samkeppni sín á milli;
- 4.3. Hagsmunaárekstrar geta skapast þegar Fossar framleiða fjármálagerninga. Fossar skulu greina mögulega hagsmunaárekstra í hvert sinn sem fjármálagerningur er framleiddur. Einkum skal þá metið hvort fjármálagerningurinn skapi aðstæður þar sem viðskiptavinir Fossa kunna að verða fyrir neikvæðum áhrifum ef þeir taka á sig:
- a) Áhættuskuldbindingu sem er gagnstæð þeirri sem Fossar voru sjálfir áður með, eða
 - b) Áhættuskuldbindingu sem er gagnstæð þeirri sem Fossar vilja hafa eftir sölu fjármálagernings.

5. Ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra

5.1. Í því skyni að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstra í starfsemi Fossa hefur félagið gripið til eftirfarandi aðferða og ráðstafana.

5.2. Ráðstafanir sem lúta að viðskiptavinum Fossa:

- a) Reglur félagsins um framkvæmd viðskiptafyrirmæla kveða m.a. á um skyldu til að leita allra skynsamlegra leiða til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu viðskiptavinar við framkvæmd fyrirmæla um viðskipti með fjármálagerninga.
- b) Fossar veita viðskiptavinum upplýsingar um það að hópur starfsmanna séu hluthafar í félaginu geti notið arðs af rekstri þess.
- c) Fossar veita viðskiptavinum upplýsingar, ef við á, um tengsl þeirra við rekstraraðila þeirra sjóða sem mælt er með kaupum á.

5.3. Ráðstafanir sem lúta að starfsmönnum Fossa:

- a) Takmarkanir eru lagðar við eigin viðskiptum starfsmanna Fossa með fjármálagerninga, sbr. nánar reglur félagsins um eigin viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga;
- b) Viðskipti starfsmanna og nákominna fara fram á armslengdarkjörum, sbr. nánar reglur félagsins um viðskipti starfsmanna við Fossa.
- c) Takmarkanir eru lagðar á heimildir starfsmanna til annarrar atvinnupátttöku en fyrir Fossa, sbr. nánar reglur félagsins um atvinnupátttöku starfsmanna.
- d) Koma skal í veg fyrir óeðlileg áhrif nokkurs aðila á það hvernig starfsmenn Fossa sinna fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi með því að setja reglur um gjafir, þóknanir og hvatagreiðslur. Með þeim skal koma í veg fyrir að unnt sé að hafa óviðeigandi áhrif á það hvernig starfsmenn framkvæma viðskipti með fjármálagerninga. Um framangreint fer samkvæmt reglum um hvatagreiðslur og umbun.
- e) Starfsmaður getur ekki tekið þátt í samtímis, eða í beinu framhaldi, mismunandi þjónustu eða starfsemi ef slík þátttaka kann að skaða viðhlítandi stýringu hagsmunaárekstra.

- f) Starfsmenn fá reglulega fræðslu og þjálfun varðandi hagsmunaárekstra og eiga greiðan aðgang að ráðgjöf regluvörslu ef upp koma álitamál.
- g) Engin bein tengsl eru á milli starfsmanna verksviða eða milli tekna starfsmanna tveggja starfseininga þar sem til hagsmunaárekstra getur komið.
- h) Eftirlit er haft með aðilum sem hafa það að meginhlutverki innan félagsins að sinna starfsemi fyrir hönd viðskiptavina sem eiga hagsmuna að geta sem geta stangast á.

5.4. Ráðstafanir sem lúta að félaginu sjálfu:

- a. Starfssvið hafa verið aðskilin. Með því er átt við að markaðsviðskipti, eignastýring, fyrirtækjaráðgjöf og eigin viðskipti hafa verið aðskilin í stjórnun, afkomu, húsnæði, upplýsingakerfum, skjalavörslu og með reglum um samskipti milli sviða. Aðgreining starfssviða fer eftir reglum Fossa um aðskilnað starfssviða.
- b. Innra regluverk sem m.a. kveður á um fjárfestingarþjónustu Fossa, starfsmanna, stjórnarmanna og eigenda virkra eignarhluta, stjórnarsetu forstjóra og starfsmanna utan félagsins og öryggis- og samskiptareglur starfsmanna.
- c. Fossar varðveita upplýsingar sem auðvelda greiningu og meðhöndlun hagsmunaárekstra í öruggu umhverfi.
- d. Félagið starfrækir regluvörslueiningu sem hefur eftirlit með hagsmunaárekstrum í starfsemi félagsins. Regluvarsla sér m.a. um hagsmunaárekstragreiningu vegna útgáfu markaðsefnis, verkefna fyrirtækjaráðgjafa og viðskiptum starfsmanna og félagsins fyrir eigin reikning, auk þess að hafa eftirlit með þeim verðbréfaviðskiptum sem félagið framkvæmir.
- e. Fossar framkvæma reglulega endurskoðun á reglum þessum sem og innri verkferlum félagsins.
- f. Fossar skulu reglulega endurskoða það fyrirkomulag að regluvarsla og lögfræðisvið séu rekin saman. Sameining þessara tveggja starfssviða skal ekki koma í veg fyrir það að regluvörður geti sinnt hlutverki sínu með skilvirkum hætti.
- g. Takmarka skal eins og kostur er upplýsingastreymi á milli starfsmanna Fossa og dótturfélaga sem stunda starfsemi sem hefur í för með sér hættu á hagsmunaárekstrum ef líkur eru á að upplýsingaskipti geti skaðað hagsmuni eins eða fleiri viðskiptamanna.
- h. Fossar hafa innleitt viðeigandi verklag og gripið til ráðstafana til þess að tryggja að dreifing félagsins á fjármálagerningum eða þjónustu sem það hyggst bjóða eða mæla með sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og tengdum reglugerðum til tilhlýðilegrar stýringar á hagsmunaárekstrum. Aðrar ráðstafanir eru viðhafðar sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina.

5.5. Fossar skulu setja sér viðeigandi verklag, kerfi, stjórnæki og ferla, eftir því sem við á hverju sinni, í samræmi við ákvæði framseldrar reglugerðar ESB nr. 2017/565 um skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja, til þess að fullnægja viðbótarkröfum sem gerðar eru, í því skyni að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra í tengslum við:

- i. sölutryggingu eða útboð fjármálagerninga,

- ii. verðlagningu í útboðum vegna útgáfu fjármálagerninga,
- iii. ráðgjöf, dreifingu og útboð eigin fjármálagerninga og
- iv. lánveitingar eða lánaþyrirgreiðslu við sölutryggingu eða útboð.

6. Stjórnun og tilkynning um hagsmunaárekstra

- 6.1. Þeir sem reglurnar taka til skulu eftir fremsta megni greina og koma í veg fyrir að aðstæður skapist sem geta valdið hagsmunaárekstrum. Ef þær aðstæður skapast þar sem möguleiki er á hagsmunaárekstrum milli Fossa og viðskiptavinar ber starfsmanni ávallt að láta hagsmuni viðskiptavinar ganga framar eigin hagsmunum. Starfsmenn skulu ávallt gæta þess að viðskiptavinir njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör.
- 6.2. Starfsmenn Fossa skulu bera undir regluvörð álitaefni um mögulega hagsmunaárekstra sem upp koma í daglegri starfsemi félagsins. Regluvörður skal leggja mat á hvort um hagsmunaárekstur sé að ræða og vera til ráðgjafar um þær aðgerðir sem til skal grípa til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaáreksturinn.
- 6.3. Starfsmenn Fossa skulu skrá niður á miðlæga skrá í gagnakerfi Fossa þau atriði, sem varða þá sjálfa eða aðila í nánnum tengslum við þá, og eru til þess fallin að geta valdið hagsmunaárekstrum í störfum fyrir Fossa. Regluvarsla metur þau atriði sem þar eru skráð og hvort þau séu til þess fallin að geta valdið hagsmunaárekstrum sem skaði hagsmuni viðskiptavina Fossa og/eða félagsins sjálfs.
- 6.4. Regluverði er heimilt að stöðva framkvæmd viðskipta telji hann hættu á hagsmunaárekstrum. Hafi viðskipti þegar átt sér stað og regluvörður telur að hagsmunir viðskiptavinar hafi mögulega skaðast vegna hagsmunaárekstra skal hann gera forstjóra viðvart og gera tillögur um viðeigandi viðbrögð.
- 6.5. Regluvörður skal gera forstjóra eða, eftir atvikum, stjórn félagsins grein fyrir hættu á mögulegum hagsmunaárekstrum sem hann verður var við í starfi sínu. Regluvörður skal halda skrá um hagsmunaárekstra sbr. nánar ákvæði 9. gr. reglna þessara.
- 6.6. Framkvæmdastjórnar hvers sviðs bera ábyrgð á að greindar séu þær aðstæður í daglegum rekstri sem geta haft í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavinar skaðist.
- 6.7. Ef ráðstafanir samkvæmt reglum þessum veita ekki vissu fyrir því að hagsmunir viðskiptavina sé nægilega gætt skal gripið til eftirfarandi ráðstafana áður en til viðskipta er stofnað eða þau framkvæmd:
 - a) Upplýsa viðskiptavininn um eðli og/eða ástæður mögulegra hagsmunaárekstra og hvaða ráðstafanir voru gerðar til að draga úr hættunni.
 - b) Veittar upplýsingar skulu vera nægjanlega ítarlegar, með hliðsjón af því hvers konar viðskiptavin um ræðir, til að hann geti tekið upplýsta ákvörðun að því er varðar þá þjónustu sem hagsmunaárekstur kann að tengjast.
 - c) Upplýsingagjöfin skal vera á varanlegum miðli og tilkynnt regluverði.

7. Skjölun

- 7.1. Komi upp atvik sem talin eru til hagsmunaárekstra, minnsti grunur er um hagsmunaárekstra eða vart verður við atvik sem kunna að vera til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum skulu Fossar skrá allar upplýsingar um viðkomandi hagsmunaárekstur eða mögulegan hagsmunaárekstur, óháð því til hvaða niðurstöðu greining á hagsmunaárekstrinum leiðir.
- 7.2. Skrá skal þær ákvarðanir sem kunna að vera teknar vegna viðkomandi atviks og eins rökstuðning fyrir því hvers vegna tilvik telst ekki hafa í för með sér hagsmunaárekstur. Þá skal nákvæmlega skráð ef atvik hefur verið samþykkt og þá tilgreina hvernig atvikið hefur verið meðhöndlað, til hvaða aðgerða hafi verið gripið og rökstutt með hvaða hætti þær aðgerðir teljast fullnægjandi við takmörkun á því að hagsmunaárekstrar skaði viðskiptavini.
- 7.3. Regluvörður heldur skrá yfir þá starfsemi sem telst til fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi og stunduð er af Fossum, eða fyrir hönd Fossa, þar sem hagsmunaárekstur hefur skapast, eða sem getur skapast ef um er að ræða samfellda þjónustu eða starfsemi, þar sem hætta er á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptamanna skaðist.

8. Eftirlit

- 8.1. Regluvörður annast eftirlit með framkvæmd reglna þessara.
- 8.2. Regluvörður skal láta stjórn bankans í té skýrslu a.m.k. árlega um þær aðstæður sem getur í þessari grein og framkvæmt reglna þessara.

9. Endurskoðun og birting

- 9.1. Reglur þessar skulu sæta endurskoðun að minnsta kosti árlega. Við þá endurskoðun skal m.a. líta til skilvirkni reglnanna í framkvæmd bæði fyrir starfsemi Fossa í heild og starfsemi einstakra starfseininga sem og reynslu af hagsmunaárekstrum.
- 9.2. Reglurnar skulu einnig sæta endurskoðun með hliðsjón af breytingum á starfsemi Fossa og breytingum á lagaumhverfi félagsins.
- 9.3. Fossar skulu upplýsa viðskiptavini um breytingar á reglum þessum með því að birta nýjar reglur á heimasíðu sinni.
- 9.4. Reglur þessar taka gildi við undirritun og skulu birtar á heimasíðu Fossa.

Samþykkt af stjórn Fossa þann 15. maí 2015

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Fossa þann 1. mars 2019

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Fossa þann 14. janúar 2022

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Fossa þann 27. maí 2022